**Fundur í íþrótta- og tómstundaráði, haldinn í Veri 11. maí 2010.**

**Mættir eru:** Linda, Heiðrún, Halldóra, Sóley, Hulda, Ragnar.

1. a) Vinnuskólinn:
   - Í upphafi vinnuskólans þarf að funda með starfsmönnum og fara yfir starfsreglur vinnuskólans.
   - Georg Hollanders mun halda listanámskeið í vinnuskólanum
   - Við teljum að laun séu í algjöru lágmarki og mætti endurskoða fyrir næsta sumar.

   b) Smíðavöllur og skólagarðar
   - Reyna að auglýsa aftur eftir starfsmanni fyrir smíðavelli og skólagarða.

2. UMFL:
   - Verið er að skipuleggja sumarið, stafgöngunámskeið og hlaupanámskeið er í athugun sem og hin ýmsu mót.
   - UMFL sér um 17. júní-hátíðarhöld líkt og í fyrra.

3. Eggjadagur:
   - Óskað eftir því við Eyrina að hún haldi áfram að sjá um þennan dag og þróa.

4. Kátir dagar:
   - Gengur vel að skipuleggja. Nefndin búin að skipuleggja þá viðburði sem hún sér um.

5. Svartholið – staða íþrótta- og tómstundafulltrúa.
   - Nefndin telur að auglýsa eigi stöðuna víðar en á lnb.is
   - Borist hafa fyrirspurnir um að hafa Svartholið opið föstudags- eða laugardagskvöld.

6. Þórsver
   - Nefndin lýsir áhyggjum sínum af útliti félagsheimilisins og gjarnan mætti laga það fyrir Káta daga.

7. Grundvallarreglur í starfi með börnum og unglingum
   - Farið var yfir grundvallarreglur sem starfshópur á vegum sveitarfélagsins hefur sett. Nefndinni líst vel á þær en frekari kynningar er þörf.

8. Önnur mál:
   - Halldóra lýsti ánægju sinni með starfsemi frjálsra félaga í byggðinni.

Fleira ekki gert, fundi sltið kl. 17:20. Sóley Vífilsdóttir ritaði fundargerð.